

# Heimildaskráning

## Helstu reglur við gerð heimildaskrár

Eftirfarandi samantekt var gerð í janúar 1989 eftir Baldri Sigurðssyni og Bjarna Ólafssyni, höfundum bókarinnar *Fram á ritvöllinn* (1:126), og ennfreður eftir „Leiðbeiningum til höfunda“ eftir Pál Imsland ritstjóra Náttúrufræðingsins 1988 (9:119).

**Heimildaskrá** ber fyrirsögnina HEIMILDIR. Henni er raðað í stafrófsröð höfunda, séu þeir þekktir. Íslendinga skal skrá eftir fornafni, í samræmi við reglur íslenskra bókasafna. Sé höfundur óþekktur má raða efninu samkvæmt útgefanda, titli, eða *Anonymus*. Nöfn erlendra höfunda skal skrá samkvæmt eftirnafni í samræmi við venjur í erlendum bókum og alþjóðlegum fagttímaritum.

Ekki má hafa rit í heimildaskrá nema í þau sé vitnað. Mikilvægt er að rétt sé farið með heimildir og þær rétt skráðar. Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga þegar heimildaskrá er rituð. Tekið skal fram að þau samrýmast ekki skráningareglum bókasafna:

- Við bækur og sérprentaðar skýrslur skal tilgreina: höfund, útgáfuár, *heiti bókar*, útgefanda, útgáfustað og blaðsíðufjölda. Sé staður óþekktur er það tilgreint með latnesku skammstöfuninni **S.L.** (*sine loco*).
- Við safnrit skal tilgreina: höfund, útgáfuár, heiti greinar, nafn ritstjóra safnrits, *nafn safnrits*, útgefanda, útgáfustað og blaðsíðufjölda.
- Við tímaritsgreinar skal tilgreina: höfund, útgáfuár, „heiti greinar“, *tímarit*, *árgang*, *hefti* og blaðsíðutal.
- Við ritgerðir skal tilgreina: höfund, útgáfuár, „heiti greinar“, *tímarit*, *árgang*, *hefti* og blaðsíðutal.
- Við námsritgerðir sem ekki hafa verið gefnar út skal taka fram að um óútgefið efni sé að ræða. Um handrit í söfnum skal fara eftir skráningareglum þess safns sem geymir gögnin.
- Við kort skal tilgreina mælikvarða útgefanda, útgáfustað og útgáfuár.
- Sé vitnað í tvö rit höfundar eða fleiri með sama útgáfuári skal greina þau í sundur með a, b, c o.s.frv. Dæmi: (Sigurjón Rist 1979a), (Sigurjón Rist 1979b).

**Tilvitnanir í texta.** Vitnað er til heimilda með nafni og útgáfuári (Sigurður 1985), (Sigurður Þórarinnsson 1985) eða (S.Þ. 1985). Sé skammstöfun notuð verður að geta hennar aftan við skráningu hverrar heimildar. Sé heimildalisti númeraður má vísa til heimilda með númerum ef henta þykir. Dæmi: (9:119) þ.e. heimild í heimildaskrá númer 9, bls. 119.

**Beinar tilvitnanir** eru teknar orðrétt og stafrétt úr heimild. „Ef bein tilvitnun er stutt - ein til þrjár línur - er hún felld inn í meginmál innan tilvitnunarmerkja eða svonefndra gæsalappa, ásamt þeim greinarmerkjum sem tilvitnuninni fylgja.“ (2:55). Tilvísun í heimildalista fylgir svo innan sviga. Þegar bein tilvitnun er löng er hún rituð með inndregnum texta og oft höfð með smærri letri eða breyttu línubili þannig að hún skeri sig greinilega úr texta.

Beinar (orðréttar) tilvitnanir reynast mörgum erfðar. Þar eru þó fá álitamál. Fyrsta skilyrði er að gæta þess að taka algerlega orðrétt upp og vissara er að hafa textann stafréttan [Stafréttur er texti kallaður þegar engum stafkrók er breytt í texta. Villur eru þá ekki leiðréttar nema þess sé getið sérstaklega. (neðanmáls í frumtexta)] líka því að oft gerur vafist fyrir fólki að samræma á réttan hátt eða færa til lögboðinnar stafsetningar og greinarmerkjasetningar. (1:133)

Sjá nánar um beinar tilvitnanir og meðferð þeirra í bókum (1:133 og 2:54) um ritun og frágang texta.

**Auðkennt letur.** Til mikilla þæginda er að fylgja þeirri venju að rita titla ritgerða og greina innan „gæsalappa“ en titlar bóka og tímarita skulu undirstrikaðir í vélrituðum texta en *skáletraðir* þar sem það er mögulegt eins og í prentuðum texta.

**Nákvæmni.** Allar upplýsingar skal skrá sem nákvæmastar, helst stafrétt samkvæmt titilblaði.

**Skammstafanir.** Leyfilegt er að nota algengar skammstafanir ef engin hættu er á að þær misskiljist. Dæmi: MM, AB, Bókmenntafél., Mbl., s. (fyrir blaðsíðu), & (fyrir og).

**Samræmi í heimildaskrá.** Til að gæta samræmis í heimildaskrá eru upplýsingar, sem ekki teljast beinlínis til titils, þýddar á íslensku þótt heimildin sé erlend. Dæmi: ed.= útg./ritstj.; p./PP.= s.; et al. = o.fl.; transl. = þýð., o.s.frv. Greinarmerki eru samræmd. Rómverskar tölur eru samræmdar arabíska tölukerfinu nema hvort tveggja sé notað í sömu bók.

**Upplýsingar vantar.** Ef einhver bókfræðileg atriði koma ekki fram á titilblaði, en höfundur er kunnugt um, skal hann bæta þeim við innan hornklofa [ ] eða skástrika // ef hornklofi er ekki á ritvélinni.

### Nokkur dæmi um skráningu

#### Bók eftir íslenskan höfund:

- 1<sup>1</sup> Baldur Sigurðsson & Bjarni Ólafsson <sup>2</sup> 1988.<sup>3</sup> *Fram á ritvölinn*.<sup>4</sup> Mál og menning,<sup>5</sup> Reykjavík.<sup>6</sup> 176 bls.
- 2 Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal 1988. *Handbók um ritun og frágang*. Íðunn, Reykjavík. 107 bls.
- 3 Sigurður Þórarinnsson 1985. *Vötnin stríð Saga Skeiðarárhlaupa og Grímsvatnagosa*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, [Reykjavík].<sup>7</sup> 254 bls.<sup>8</sup> [S.Þ. 1985]<sup>9</sup>

#### Grein í safnríti.

- 4 Sigurður Þórarinnsson 1974. „Eldvirkni á Íslandi í ellefu aldir. (Hluti af) Sambúð lands og lýðs í ellefu aldir.“<sup>10</sup> Í (Sigurður Línal, ritstj.)<sup>11</sup> *Saga Íslands I*.<sup>12</sup> Samin að tilhlutan Þjóðhátíðarnefndar. Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið, Reykjavík.<sup>13</sup> 57 - 83.<sup>14</sup>

---

1 Sé vitnað til heimilda í heimildaskrá með númeri og blaðsíðu skal heimildalisti vera númeraður. Dæmi: (3:30) vísar til heimildar nr. 3. bls. 30.

2 Nafn höfundar. Vel fer á því að draga nafn í fyrstu línu út um 3 stafabil. Íslendinga skal skrá eftir fornafni í samræmi við reglur íslenskra bókasafna. Sé höfundur óþekktur má raða efninu samkvæmt útgefanda, titli eða Anonymus. Nöfn erlendra höfunda skal skrá samkvæmt eftirnafni, í samræmi við venjur í erlendum bókum og alþjóðlegum fagtímaritum. Nafn og útgáfuár er aðeins aðgreint með bili.

3 Útgáfuár. Þ.e. síðasta „copyright“ ártal. Ekki er miðað við óbreyttar endurprentanir. Hafi sami höfundur gefið út fleiri en eitt verk sama árið er þeim gjarna haldið aðgreindum með bókstöfum: 1988a, 1988b. Á eftir ártalinu er yfirleitt hafður punktur.

4 Titill verks. Hér er vísað í einstaka bók. Heiti bókar er skráð með breyttu letri eða undirstrikun.

5 Útgefandi, (útgáfufyrirtæki).

6 Útgáfustaður.

7 Útgáfustaður. Þegar útgáfustaður er ekki skráður á titilblaði en eigi að síður þekktur er hann skráður með hornklofum á þennan hátt.

8 Blaðsíðufjöldi bókar.

9 Þegar heimildir eru fáar má nota skammstafanir í texta. Þeirra skal þá getið í heimildalista á þennan hátt.

10 Titill verks. Vísað er í hluta greinar í safnríti (titill með óbreyttu letri og innan gæsalapa).

11 Nafn ritstjóra safnrits er skráð innan sviga ( ) á undan titli þess.

12 Titill safnrits með breyttu letri.

13 Útgáfustaður skráður á titilblaði.

14 Blaðsíðurnar þar sem greinina er að finna.

- 5 Sveinbjörn Björnsson & Páll Einarsson 1981. „Jarðskjálftar“. Í (Vilhjálmur Þ. Gíslason, ritstj.) *Náttúra Íslands*, 2. útgáfa breytt og aukin. AB, Reykjavík. 121 - 155.

#### Bækur eftir erlenda höfunda:

- 6 Panduro, Leif<sup>15</sup> 1958. *Rend mig i traditionerne*. Gyldendals Tranebøger, Gyldendal, [København]. [ISBN 8700 18661 9]<sup>16</sup>
- 7 Lindsay, Jack 1974. *The Normans & their world*. Purnell Book Services, [London].
- 8 Ciceró, Marcús Túllíus 1982. *Um ellina*. Þýð. Kjartan Ragnars. Inngangur og skýringar, Eyjólfur Kolbeins. Hið íslenska bókmenntafélag, Lærdómsrit Bókmenntafélagsins, Reykjavík. Frumútg. 44 f.Kr. Titill á frummáli, *Cato maior de senectute*.<sup>17</sup>

#### Grein í tímariti eða ritröðum:

Ekki er venja að taka fram útgáfustað.

- 9 Páll Imsland 1988.<sup>18</sup> „Náttúrufræðingurinn Leiðbeiningar til höfunda“.<sup>19</sup> *Náttúrufræðingurinn* 58 (2),<sup>20</sup> 117-120<sup>21</sup>.
- 10 Hreggviður Norðdahl & Þorleifur Einarsson 1988. „Hörfun jökla og sjávarstöðubreytingar í ísaldarlok á Austfjörðum“. *Náttúrufræðingurinn* 58 (2),<sup>22</sup> 59-80.
- 11 Guðmundur Böðvarsson 1955. „On the flow of icesheet and glaciers,“ *Jökull* 5. 1-8.
- 12 S[igurður]<sup>23</sup> Þórarinnsson, K[ristján] Sæmundsson & R. S. Williams. Jr. 1973. „ERTS-1 image of Vatnajökull, Analysis of glaciological structure and Volcanic features.“ *Jökull* 23. 7-17.
- 13 Walker, G.P.L. 1959. „Geology of the Reyðarfjörður area, Eastern Iceland.“ *Quart. Journ. Geol. Soc. Lond.* 114. 367-391.

#### Greinasöfn:

- 14 G[uðmundur] Pálmason 1967. „On heat flow in Iceland in relation to the Mid-Atlantic ridge“. Í (S. Björnsson ritstj.). *Iceland and Mid-Ocean Ridges. Soc. Sci. Islandica, Rit* 38. 111-127.
- 15 Walker, G. P. L. 1974. „Eruptive mechanism in Iceland.“ Í (L. Kristjánsson ritstj.) *Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area*. D. Reidel. Dordrecht. 189-201.

#### Skýrslur, bækur, prófgráðuritgerðir:

- 16 B[ragi] Árnason 1976. „Groundwater systems in Iceland traced by deuterium.“ *Soc. sci. Islandica. Rit* 42. 236 Bls.
- 17 Björn Jónasson, Margrét Hallsdóttir, Sigríður Friðriksdóttir, Snorri Zophaníasson & Þórunn Skaftadóttir 1973. „Eyrarfjall, jarðfræðiskýrsla.“

15 Erlendan höfund skal skrá samkvæmt eftirnafni í samræmi við venjur í erlendum bókum.

16 Þetta númer sem er alþjóðlegt einkennisnúmer bókar eða tímarits er yfirleitt ekki skráð enda kemur það ekki fram á titilsíðu.

17 Frumútgáfa verksins og heiti á frummálinu.

18 Heiti höfundar og útgáfuár greinar í tímaritinu, "copyright"-ár.

19 Heiti greinar er ritað innan gæsalappa og með óbreyttu letri.

20 Heiti tímarits og auðkennisnúmer eru höfð með breyttu letri.

21 Blaðsíðurnar sem greinina er að finna á. Sérprent bera sama blaðsíðutal.

22 Heiti tímarits og auðkennisnúmer eru höfð með breyttu letri.

23 Nafnið var skammstafað í titli en fullu nafni er bætt við innan hornklofa til glöggvunar.

Óprentuð námsritgerð. Verkfræði og raunvísindadeild Háskóla Íslands. 59 bls. + kort.

- 18 Robson, G.R. 1952. „The volcanic geology of Vestur-Skaftafellssýsla, Iceland.“ *Óprentuð Ph.D. ritg. University of Durham Englandi*. 259 bls.

#### Handrit í söfnum:

- 19 *Bræðrablað* 5, bls. 21, Lbs. 3318, 4to.<sup>24</sup>

#### Greinar í dagblöðum:

Raðað er eftir nafni höfundar sé það vitað, annars eftir heiti greinar.

- 20 Tómas Tryggvason 1956. „Ef gullið í Esjunni væri aðaltrompið á hendi, mundi ég vera gætinn í sögnum“. *Morgunblaðið* 9.09.56.<sup>25</sup> Bls.6.

#### Höfundur ókunnur:

- 21 *Brennu-Njáls saga* 1954. Einar Ól[afur] Sveinsson sá um útg. Íslensk fornrit 12. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

#### Munnlegar heimildir:<sup>26</sup>

- 22 Jón Jónsson líffræðingur<sup>27</sup> (Viðtal 20. júlí, 1988).<sup>28</sup>

#### Kort:

- 23 Kort í mælikvarðanum 1:100 000. Geodædisk Institut, Kaupmannahöfn 1954.

#### Geisladiskar:

- 24 William Menke:<sup>29</sup> „Earthquakes.“<sup>30</sup> The Academic American Encyclopedia (Electronic Version)<sup>31</sup>, copyright 1995 Grolier, Inc., Danbury, CT. [ISBN 07172-3981-0].<sup>32</sup>

#### Vefsíða:

- 25 Vefsíða [MLA snið]  
„horse“ Encyclopædia Britannica. 2009. Encyclopædia Britannica Online. 16. okt. 2009 <<http://search.eb.com/eb/article-9106287>>.
- 26 Vefsíða [MLA snið]  
„móberg“ Jarðfræðiglósur GK  
16. Okt. 2009 <<http://www.mr.is/~gk/jfr/ordskyr/05moberg.htm>>

Guðbjartur Kristófersson, 2009

24 Skráning Landsbókasafns Íslands.

25 Tilvitnun í dagblað: Heiti blaðs og útgáfudagur með breyttu lettri. Hér má skammstafa Morgunblaðið sem Mbl.

26 Munnlegar heimildir er rétt að skrá sérstaklega aftast í heimildaskrá og undir fyrirsögninni Munnlegar heimildir.

27 Höfundur, titill eða starfsheiti til auðkenningar.

28 Viðtal, munnleg heimild, dagsetning og ár.

29 Höfundur greinar.<sup>30</sup> Heiti greinar á geisladiski.

30 Heiti greinar á geisladiski.

31 Þessi alfræðiorðabók (í 10 bindum) er lögð til grundvallar „The 1995 Grolier Multimedia Encyclopedia“ sem er á disknum. Í flestum tilfellum er að finna leiðbeiningar um skráningu heimilda í leiðarvísunum sem fylgja viðkomandi geisladiskum.

31 Þessi alfræðiorðabók (í 10 bindum) er lögð til grundvallar „The 1995 Grolier Multimedia Encyclopedia“ sem er á disknum. Í flestum tilfellum er að finna leiðbeiningar um skráningu heimilda í leiðarvísunum sem fylgja viðkomandi geisladiskum.

32 Alþjóðlegt skráningarnúmer á disknum sjálfum.

32 Alþjóðlegt skráningarnúmer á disknum sjálfum.